

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 30. janúar 2023

Umsögn Landverndar um Drög að frumvarpi til laga um Land og skóg, mál nr. 8/2023

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreind drög og styður þau. Samtökin hafa um árabil bent á kosti þess að sameina stofnanirnar þar sem málefni þeirra eru mjög tengd, m.a. í umsögnum um landgræðslu- og skógræktaráætlanir. Samtökin telja einnig að aðgerðaáætlun Matvælaráðuneytisins Land og líf sé almennt vænleg til árangurs og góð til að byggja á starfsemi nýrrar stofnunar.

Stjórn Landverndar telur þó að nauðsynlegt sé að skýra mun betur í frumvarpinu hlutverk nýrrar stofnunar sem og að tiltaka breytingar sem þarf að gera á öðrum lögum eins og lögum um landgræðslu (nr. 155/2018) og lögum um skóga og skógrækt (nr. 33/2019) þar sem hið minnsta þarf að breyta heiti stofnanna en líkast til færi best á því að sameina þessi tvö lög einnig.

Í nýju frumvarpi telur Landvernd að fram verði að koma að hin nýja stofnun gegni ríku hlutverki í ákvörðunum og stjórnun á landnýtingu. Samtökin leggja því til að við 3. gr. bætist við nýr liður, e. svohljóðandi:

„e. tryggja sjálfbæra landnýtingu á Íslandi með eftirliti, upplýsingaöflun, aðgerðaáætlunum og skipulagi landnýtingar“

Að lokum vekur Landvernd athygli á því að rangt póstnúmer er gefið upp á heimasíðu stjórnarráðsins í heimilisfangi Matvælaráðuneytisins. Borgartún 26 er í póstnúmeri 105 en ekki 101.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri